

# GEIMÁLFURINN FRÁ VARSLYS

Lífsleikninámsefni um slys & slysavarnir - **2. hefti**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

Merkjalandið Ísland

Unnur María Sólmundardóttir



*Geimálfurinn frá  
Varslys:*

1. *Brotlending  
geimálfsins*
2. *Merkjalandið  
Ísland*

*Útgefandi:  
Slysavarnafélagið  
Landsbjörg*

*Höfundur námsefnis:  
Unnur María  
Sólmundardóttir*

*Grafísk hönnun:  
Lóa Dís Finnsdóttir*

*Ljósmyndir:  
Hreinn Magnússon  
Slysavarnafélagið  
Landsbjörg*

*Reykjavík 1. útgáfa  
2004*





# Almennar merkingar



Hæstvirta Stjórnuráð! Hér kemur önnur skýrslan um veru mína á plánetunni Jörð. Ég er óðum að ná fyrra þreki og má ekki síst þakka það „9?2j9wsæ9ú??S2sq?-sæwzs3M??2p“ móður minnar. Ég get ekki lýst því hvað það er gott að vera kominn aftur heim til fjölskyldu og vina. Þar sannast orðatiltækið „heima er best“.

Þegar ég hafði áttað mig á þeim breytingum sem orðið höfðu á lífi mínu við brotlendinguna fór

ég að líta í kringum mig og skoða mannanna verk. Ég tók fljótlega eftir því að á Íslandi er mikið af merkjum út um allt, bæði inni og úti, við götur, verslanir, á matvörum og leikföngum.

Ég hafði náttúrulega enga hugmynd um hvað öll þessi merki þýddu. Það var slæmt því oft eru þau notuð til að vara íbúa Jarðar við ákveðnum hættum eða slysagildrum. Stundum eru merkin jafnframt notuð til að sýna hvar hægt er að nálgast aðstoð í neyð.

Fyrsta merkið sem ég sá var félagsmerki Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Allir björgunarsveitarmenn, bílar og tæki félagsins eru merktir því og ég komst að því að merkið byggir á ákveðinni hugmynd.



★ Hvað þýðir „9?2j9wsæ9ú??S2sq?-sæwzs3M??2p“?

★ Finndu fleiri málshætti eða orðatiltæki sem tengjast heimilinu og fjölskyldunni.

★ Við höfum ýmsar merkingar í ritmáli okkar sem kallast greinarmerki. Hvað þekkir þú mörg?

★ Hvaða merki eru notuð til að vara við slysagildrum?





- ★ *Hvaða dýr var fyrst sent út í geiminn?*
- ★ *Hvenær lentu fyrstu geimfararnir á tunglinu?*
- ★ *Hvað heldur þú að sé langt þangað til Íslendingar fara að ferðast um geiminn?*
- ★ *Hvaða plánetu myndir þú vilja heimsækja?*
- ★ *Íslendingar eiga einn geimfara. Hvað heitir hann?*



Guli krossinn er þungamiðja merkisins og táknrænn fyrir hjálparstarfsemi.

Hringurinn umhverfis krossinn er í fjórum hlutum og eiga þeir að tákna höfuðáttirnar.

Hringurinn minnir einnig á björgunarhring sem notaður er við björgun úr sjó og vatni, og rauði litur merkisins er táknrænn fyrir hjálp í neyð.

Mér finnst merki Slysavarnafélagsins Landsbjargar mjög fallett en ég varð mjög hissa þegar ég komst að því að félagið átti enga stjörnuváta, sviðlínutæki né geimbjörgunarskip.

Enn meira hissa varð ég þegar ég áttaði mig á því að Íslendingar ferðuðust ekkert um geiminn.



### Verkefni 1

Hjálpaðu geimálfinum að hanna nýtt félagsmerki fyrir geimbjörgunarsveit. Litir, form og tákn þurfa að hafa ákveðna merkingu. Hannaðu merkið í tölvu og vistaðu á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Slysavarnafélagið Geimbjörg*.

### Verkefni 2

Þú ert félagi í Geimbjörgunarsveitinni. Það er *útkall rauður* og öll sveitin er kölluð út. Skrifaðu frétt af björguninni sem hefst svona: „Við vorum nýbúin að ganga frá sviðlínutækjunum eftir að hafa bjargað Tunglskipinu úr klóm svartholsins þegar útkallið kom. Ungur geimkönnuður var týndur ...“

Ég varð mjög hrifinn af merkingunum á Íslandi og fannst það skylda mín og liður í slysavörnum að fræðast sem mest um þær.


Ég ákvað því, kæra Stjórnuráð, að safna gögnum handa ykkur í nokkurs konar *Merkjabók*.

Í ráðinu sitja geimálfar, geimklaufar og geimglópar sem í sameiningu hugsa um velferð stjörnukerfisins og hafa samráð þegar stórar ákvarðanir varðandi skipulagsmál eru teknar.

Í *Merkjabókinni* eru ýmsar teikningar og athugasemdir sem þið getið notað til hliðsjónar þegar merkingar á Varslys verða teknar til skoðunar.

Þegar farið verður í þær endurbætur verður að hafa í huga að á Jörðinni eru til ákveðin lög sem segja til um hvernig svona merki mega líta út.

Til dæmis eru umferðarmerki ólík að lit og lögun eftir því hvort þau eru **boðmerki**, **bannmerki** eða **viðvörðunarkerki**.



- ★ Hvernig eru boðmerki að lit og lögun?
- ★ Hvernig eru bannmerki að lit og lögun?
- ★ Hvernig eru aðvörðunarkerki að lit og lögun?
- ★ Hvað þýða þessi þrjú umferðarmerki?
- ★ Nefndu fleiri flokka af umferðarmerkjum.



### Verkefni 3

Búðu til *Merkjabók* til að safna gögnum í. Brjóttu forsíðu í tvennt og límdu klippimynd af geimálfnum á hana. Settu svo sambrotin A4 blöð inn í bókina og heftu í kjölinn. Teiknaðu merki Slysavarnafélagsins Landsbjargar í *Merkjabókina* og skráðu hvað litir þess og form tákna.



★ Hvaða merki var geimálfurinn að brjóta heilann um?

★ Af hverju er ekki ákveðin dagsetning við alla fánadagana?

★ Af hverju er stundum flaggað í hálfa stöng?


★ Föstudagurinn langi er eini fánadagurinn þar sem flaggað er í hálfa stöng. Hvers vegna?

Fljótlega tók ég eftir mjög sérstöku og algengu merki á Íslandi. Það var blátt með rauðum og hvítum krossi og hékk oft á stöng fyrir utan byggingar, á skipum og fleiri stöðum.

Ég var mjög forvitinn að vita hvað þetta merki táknaði og

sérstaklega eftir að ég sá mynd af fjórum geimverum halda því á milli sín.

Loks fékk ég að vita að þetta væru ekki geimverur heldur **landvættir** en meiri upplýsingar um þær og merkið finnið þið í *Merkjabókinni* minni.



#### Verkefni 4

a) Teiknaðu skjaldarmerki Íslands í *Merkjabókina* þína og skrifaðu allt sem þú veist um það. Hvað heita vættirnar fjórar sem geimálfurinn hélt að væru geimverur?

b) Íslenska fánanum er alltaf flaggað á svokölluðum **fánadögum**. Hvenær eru þessir fánadagar og af hverju er flaggað? Vistaðu þessar upplýsingar á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Íslenskir fánadagar*.



Vegna brotlendingarinnar og kynna minna af björgunarsveitarfólkinu var ég upptekinn af öllu því sem tengist björgun og björgunarstörfum. Ég vildi líka fá að vita allt um þau merki sem tengjast slysum, sjúkráhusum, neyðarskýlum og lögreglu.

Hér að ofan eru dæmi um nokkur merki sem ég kynntist. Hafið þið einhverja hugmynd um hvað þau þýða, kæra Stjörnuráð?

Mér datt í hug að gaman væri að leika sér svolítið með **þjónustumerkin** og fleiri merkjaflokka sem ég fann á heimasíðu Umferðarstofu.

Ég ákvað því að gera teiknimyndamerkjasögu til að segja litlu geimkrílunum þegar ég kæmi aftur heim. Ég hef fengið útgáfufyrirtækið Stjörnuvísindi til að gefa söguna út en hún hefst svona:

Ég var á  þegar  minn hringdi. Mér brá svo að  sem ég var að borða stóð næstum því í mér! „Er þetta geimálfurinn?“ var spurt með hástri rödd og í kjölfarið fylgdi dimmur  -hlátur ...



### Verkefni 5

a) Teiknaðu þjónustumerkin í *Merkjabókina* þína og skráðu hvað þau standa fyrir.

b) Leggðu könnun fyrir fullorðinn ættingja og skráðu niðurstöðurnar inn á verkefnablaðið *Þjónustumerkjakönnun 1*. Komdu með blaðið aftur í skólann því þú átt eftir að vinna meira með niðurstöðurnar!

### Verkefni 6

Skráðu niðurstöður merkjakönnunarinnar inn á súluritið á verkefna-bladini *Þjónustumerkjakönnun 2* til að sjá hvaða merki hefur farið með sigur af hólmi. Giskaðu á úrslitin fyrirfram!

### Verkefni 7

Ljúktu við sögu geimálfsins og notaðu til þess fleiri merki frá Umferðarstofu. Vistaðu söguna inn á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Merkilega símhringingin*.



★ Hvernig gengi umferðin ef engin umferðarmerki væru til?

★ Hvaða umferðarmerki þekkir þú?

★ Í merkjasögu geimálfsins hlær maður með dimmum hrossahlátri. Hvaða fleiri lýsingarorð þekkir þú sem hægt er að tengja við dýraráríkið?

★ Hvaða orðflokka þekkir þú?





★ *Hvaða viðvörðunarmerki þekkir þú sem sett eru á leikföng?*

★ *Hvernig geta leikföng reynst börnum hættuleg?*

★ *Hvernig er hægt að efla almennt öryggi á heimilinu?*

★ *Hvaða fleiri öryggisvörur eru til fyrir utan kokhólkinn?*

★ *Hvað myndir þú gera ef stæði í þér?*

★ *Hvernig er hægt að gera Heimlich-tak á sjálfum sér?*

Í sögunni kemur fram að mér hafi brugðið svo mikið að kringlan sem ég var að borða hafi næstum staðið í mér. Reyndar kom það fyrir í alvörunni að svona kringlubiti stóð í mér og það var ekki skemmtileg lífsreynsla.

Það er lífshættulegt þegar eitthvað hrekkur ofan í fólk og geimverur. Ég var mjög heppinn að bitinn losnaði fljótt.

Ég lærði góð ráð til að komast hjá að þetta gerðist aftur en þau eru að tryggja matinn vel, aldrei að borða neitt liggjandi á bakinu og aldrei að setja dót í munninn.

Margir hlutir geta valdið köfnun og litlum börnum og geimkrílum




hættir sérstaklega við að stinga smádóti í munninn. Því þarf að passa þau vel.

Til er nokkuð sem nefnist **kokhólkur**. Hann er 4 cm á breidd og notaður til að athuga hvaða smáhlutir geta reynst litlum börnum hættulegir. Hlutur sem kemst ofan í kokhólkinn getur nefnilega staðið í ungbörnum og valdið köfnun.



Aðskotahlutur sem festist í öndunarvegi getur valdið köfnun. Ef viðkomandi getur ekki hóstað og losað sig sjálfur við hlutinn verður hann að fá aðstoð. Skyndihjálpin er mismunandi eftir því hvort um er að ræða barn eða fullorðinn. Allir ættu að kunna **Heimlich-takið** en það er notað á einstakling sem er með meðvitund en þó ekki á ung börn. Hringja verður í 112 ef viðkomandi missir meðvitund og koma honum undir læknishendur.



### Verkefni 8

Sum leikföng eru með hlutum sem hægt er að plokka af og stinga í munninn. Hjálpaðu geimálfinum að finna ýmsa hluti sem geta valdið köfnun og skráðu þá á verkefnablaðið *Hlutir sem geta valdið köfnun*.

### Verkefni 9

Vinnið saman í hóp og leitið upplýsinga um hvernig á að bregðast við ef aðskotahlutur hrekkur ofan í barn eða fullorðinn. Búið til veggspjald með þessum upplýsingum og hengið upp á viðeigandi stöðum í skólanum.






Það er margt í umhverfi okkar sem getur orðið litlum börnum hættulegt. Á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar er að finna gátlista um slysavarnir á heimilum. Gott er að skoða þann lista og athuga hvernig hægt er að efla öryggið á heimilinu.

Það var sama hvert ég fór, alltaf sá ég einhverjar merkingar sem

ég þurfti að fá skýringar á. Ég var til dæmis að versla einn daginn og sá fullt af alls konar merkingum á vörunum sem ég var að kaupa.

Ég var auðvitað mjög forvitinn að vita hvað þessi merki táknðu og á endanum fann ég svörin hjá Umhverfisstofu. Sú stofnun sér meðal annars um mengunarvarnir og heilbrigðiseftirlit.

Ég var í sjöunda himni yfir því að hafa loks fundið eitthvað sem tengist umhverfisvernd. Fyrir utan sorpstöðina sem hýsir mitt kæra geimskip og ég minntist á í fyrstu skýrslunni, voru þetta fyrstu ummerki þess að jarðarbúar hugsi eitthvað um plánetuna sína.



★ Er til gátlisti um slysavarnir á þínu heimili?

★ Hvaða umhverfisvænu vörur kaupir þú?

★ Hvaða fleiri merkingar segja til um það hvort vörur eru umhverfisvænar eða ekki?

★ Hvernig getum við dregið úr notkun óþarfa umbúða og stuðlað þannig að verndun náttúrunnar?

### Verkefni 10

Hjálpaðu geimálfinum að vista þessi merki inn á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Umhverfisvernd*. Skrifðu smá greinargerð um það sem þau standa fyrir.

### Verkefni 11

Farðu heim með verkefnablaðið *Umhverfisvænar vörur* og finndu allar þær vörur sem hafa sömu merkingar og geimálfurinn fann á neysluvörunum. Hvaða fleiri merkingar eru til?



★ *Hvað þýðir*

„2pJx5N9wsx4z6-sposSwNzwsdxM-SS6R29Swz2“?

★ *Hvað sparaði*

geimálfurinn miklar umbúðir með því að kaupa 10 kg pakkningu af þvottadufti í stað margra hálfs-kílós pakka?

★ *Hvað þýðir að*

vera umhverfis-vænn?

★ *Hvað er „Vistvernd*

í verki“?

Eftir þessa uppgötvun lagði ég mig allan fram við að kaupa aðeins umhverfisvænar vörur líkt og ég hef ávallt gert hér á Varslys. Við eigum aðeins eina plánetu og ef við hugsum ekki um að vernda hana í dag er óvíst hvort hún geti verndað okkur þegar við þurfum á því að halda.

Ég sagði jarðarbúunum að við værum fyrir löngu búin að átta okkur á mikilvægi þess að vernda umhverfið og að á okkar plánetu sé það alvarlegur glæpur að henda rusli á **vetrarbrautir** eða tunglötur.

Ég er stoltur af því að allir flokka sorpið sitt á Varslys og að á hverju heimili skuli vera 6 ruslatunnur, fyrir gler, pappír, málma, spilliefni, matarafganga og plast.


Ég montaði mig einnig af því hvað við á Varslys erum nýtin og dugleg að forðast óþarfa umbúðanotkun. Íslendingar eiga það nefnilega til að bruðla svolítið og sumir hugsa lítið um allan þann pappír og plast sem fer í umbúðir.

Einu sinni stoppaði ég mann sem var með marga litla pakka af morgunkorni og benti honum á að það væri skynsamlegra að kaupa frekar stóran pakka af þessu fæði. Hann varð mjög hissa á afskiptasemi minni svo ég sagði honum frá „2pJx5N9wsx4z6sposSwNz-

wsdxMSS6R29Swz2“ sem ég er vanur að kaupa hér heima. Í staðinn fyrir að rogast með marga hálfs kílós pakka tæki ég ávallt 10 kílóa pakkningu og sparaði þannig töluvert af pappakössum auk þess sem svona innkaup væru ódýrari.

Þegar maðurinn hafði jafnað sig eftir ábendinguna frá furðulegu geimverunni þakkaði hann mér vel fyrir og sagðist aldrei hafa hugsað út í þetta fyrir.





En varðandi „sposSwNzwsdxM-SS6R29S“ þá rakst ég á skráttin merki í tengslum við það. Hafið þið einhverja hugmynd, kæra Stjórnuráð, hvað þessi merki standa fyrir?

Ég ætla að leyfa ykkur að glíma svolítið við þessi merki en ef þið hafið áhuga að kynna ykkur þau frekar þá vistaði ég merkin ásamt fleiri skyldum merkjum inn á *Hugarflugsdiskinn*.

Ég gaf Íslendingum umhverfisvæn ráð og benti þeim á hluti sem hægt er að **endurvinna** eins og til dæmis pizzukassa. Og þegar ég sá einn jarðarbúann rembast við að bera grjótharðan skóáburð á spariskóna sína náði ég mér í banana og notaði innanvert hýðið til að bóna þá! Ég held bara að skórnir hans hafi aldrei

verið eins fínir og sjaldan hef ég séð jarðarbúa jafn hissa!



★ Á flestum fötum eru þvottamerki líkt og geimálfurinn rakst á. Til hvers eru þau?

★ Geimálfurinn notar bananahýði til að burst skó. Finndu fleiri dæmi um umhverfisvæn ráð.

★ Það er hægt að endurvinna pappakassa 7 sinnum! Ef við endurvinnum alla pizzukassa sem við fáum með pizzunum okkar hvað erum við þá að nota marga kassa á einu ári ef við borðum tvær heimsendar pizzur á viku?

★ Lestu söguna „Ævintýri Sebastíans Kassmanns“ eftir Gyðu Sigríði Björnsdóttur sem Sorpa gaf út í tilefni af 10 ára afmæli sínu.



# Alþjóðamerkingar

★ Hvað þýðir „Juo?h6NsSwNzwz“

★ Rauði krossinn starfar undir ákveðnu merki sem er rauður kross á hvítum grunni. Hvað táknar það?

★ Hver er munurinn á hjálparstofnun og björgunarsveit?

★ Hvaða náttúruhamfarir hafa orðið á Íslandi?

★ Veðrið hefur oft mikil áhrif á lífsbaráttu þjóða. Hvað þekkir þú mörg veðurtákn?

Líkt og við á Varslys höfum „Juo?h6NsSwNzwz“ til að aðstoða geimbúa í neyð þá hafa jarðarbúar einnig alþjóðlegar hjálparstofnanir og er Rauði krossinn ein þeirra.

Eitt af hlutverkum Rauða krossins er að aðstoða stríðshrjáða íbúa Jarðarinnar. Þótt ég hafi lent á mjög friðsamlegu svæði þá hafa styrjaldir víst geisað á plánetunni á liðinni öld og enn eru háð stríð í sumum löndum. Margir búa því við óöryggi, slæmar aðstæður, svelta og eiga bág.

Sem betur fer hefur stjórnustríð aldrei átt sér stað í okkar sólkerfi. En ef það yrði þá er nauðsynlegt að þeir sem hjálpa stríðsþjóðum,



**Rauði kross Íslands**

sjúkum og slösuðum fái að vinna verk sitt í friði.

Ýmsar aðrar hörmungar geta átt sér stað fyrir utan stríð. Sem dæmi má nefna skógarelda, jarðskjálfta og snjóflóð. Þess vegna rekur Slysavarnafélagið Landsbjörg alþjóðasveit sem send er til björgunarstarfa í öðrum löndum þegar neyðin er mikil.

Til að vera við öllu búin þarf þessi sveit margvíslega þjálfun. Meðfylgjandi mynd var einmitt tekin þegar sveitin æfði rústa-björgun á búsvæði sem nefnist Rússland.







Fullorðnir bera ábyrgð á börnum sínum en við ungu geimverurnar berum þó líka ábyrgð á eigin velfarnaði og verðum að læra að forðast slysin.

Ég ákvað að kynna mér alveg sérstaklega viðbrögð við jarðskjálfta þar sem svo mikið er um þá á plánetu okkar.

Mér er alltaf minnisstæður stóri jarðskjálftinn sem skók Varslyss svo mikið að geimdót hrundi úr hillum og allar loftbrýr rofnuðu.

Var það ekki einmitt þá sem hæstvirt Stjórnuráðið stóð ráðþrota gangvart vandanum og ákvað loks að stofna Geimsjá sem hefur fylgst með náttúruöflunum síðan?

Geimsjain okkar er svipuð því sem jarðarbúar hafa og kalla **almannavarnir**. Hlutverkið er að bregðast við hættu og neyðarástandi sem skapast getur í samfélaginu. En okkur vantar ein-kennismerki fyrir Geimsjána og þær geimverur sem þar starfa.

Á Jörðinni er einmitt til alþjóðlegt almannavarnamerki sem er blár þríhyrningur á appelsínugulum grunni. Ef jarðarbúar sjá menn og konur vinna undir þessu merki þá vita þeir að eitthvað mikið hefur gerst og greiða leið þeirra við störfín.



### Verkefni 12

Finndu og teiknaðu alþjóðlega almannavarnamerkið í *Merkjabókina* þína og útskýrðu hvað það táknar. Er til sérstakt merki fyrir Ísland?

### Verkefni 13

Skoðaðu heimasíðu Alvöru og Alvars og hjálpaðu geimálfinum að semja bréf til Stjórnuráðs Varslyss sem hefst svo: „Á óvæntri viðkomu minni til plánetunnar Jarðar kynntist ég réttum viðbrögðum við jarðskjálftum en þau eru ...“ Vistaðu bréfið inn á *Hugarflugdiskinn* undir heitinu: *Hæstvirta Stjórnuráð*.



- ★ *Hvað stendur „Krjúpa - Skýla - Halda“ fyrir?*
- ★ *Hvað gerist þegar jarðskjálfti á sér stað?*
- ★ *Hvernig er best að bregðast við í jarðskjálfta?*
- ★ *Hvernig er jarðskjálfti mældur?*
- ★ *Á veraldarvesnum finnur þú börnin Alvöru og Alvar. Þau vita allt um það hvernig bregðast á við í jarðskjálfta. Skoðaðu síðuna þeirra?*



★ Hvað eru for-  
dómar?

★ Geimálfurinn  
dæmdi alla  
jarðarbúa gamal-  
dags af því að við  
getum ekki skropp-  
ið í flugtúr milli  
sólkerfa líkt og  
hann. Hvernig  
getum við komist  
hjá því að vera  
fordómafull?



Það er af mörgu að taka þegar merkjakerfi á Jörðinni eru skoðuð. Og satt best að segja var ég rosalega hissa þegar ég komst að því hvað jarðarbúar áttu mörg samskipta- og merkjakerfi fyrir utan öll tungumálin sem þar eru töluð.

Eiginlega fannst mér mennirnir óttalega gamaldags þegar ég uppgötvaði að þeir gætu ekki fengið sér sunnudagsflugtúr milli sólkerfa líkt og við erum vön. Nú er ég á allt annarri skoðun.


Þetta kenndi mér að allir hafa eitthvað gott fram að færa og að

það er rangt að dæma fyrirfram það sem maður þekkir ekki.

Áður en ég hætti umræðunni um alþjóðlegar merkingar langar mig að segja ykkur frá merkjaflöggum sem sjófarendur nota til að koma ýmsum boðum á milli skipa.

Ég tel að við ættum að kynna okkur þessi flögg alveg sérstaklega þar sem geimskipaflotinn í sólkerfi okkar er bæði stór og **fjölbjóðlegur**.

Ég tók upplýsingar um flöggin saman á glæru fyrir ykkur sem þið ættuð endilega að skoða við tækifæri.



#### Verkefni 14

Áhafnir skipa nota alþjóðleg merkjaflögg til að gefa öðrum sjófarendum ýmsar athafnir til kynna eða til að vara þá við yfir vofandi hættu. Skoðaðu glæruna *Alþjóðlegu merkjaflöggin* sem geimálfurinn tók saman handa Stjórnuráði Varslyss.

#### Verkefni 15

Til er alþjóðlegt merkjaflagg fyrir skip sem þýðir: *Ég er með kafara utanborðs. Minnkið ferð og komið ekki nærri.* Á verkefnablaðið *Geimkafari utanborðs* skaltu hanna hliðstætt merkjaflagg fyrir geimskip.

# Merkjasendingar

Þegar mér fannst ég vera orðinn ansi góður að þekkja flest merkin á Jörðinni lenti ég í mjög neyðarlegu atviki. Ég var í göngutúr þegar ég sá furðulegan mann sem veifaði höndum úti á miðri götu!

Að sjálfsögðu hélt ég að eitthvað væri að þessum vesalings jarðarbúa, datt einna helst í hug að hann væri að kafna og hljóp því til hans. Ég sveiflaði mér upp á manninn, greip utan um hann aftan frá og hóf að gera Heimlichtakið sem ég var nýbúinn að læra.

En í stað þess að verða mér þakklátur fyrir lífgjöfina brást þessi einkennilegi maður illa við. Hann hótaði að handtaka mig og henda mér í fangelsi fyrir að trufla laganna vörð að störfum. Umferðarljósinn höfðu bilað og þetta var lögreglumaður að stjórna umferð með handahreyfingum.

Mér brá auðvitað mjög mikið en hvernig í ósköpunum átti ég að vita þetta? Eftir smá stund náði ég að útskýra fyrir lögreglumanninum misskilninginn og við hlógum báðir mikið á eftir.



★ Ef þú þarfnast aðstoðar lögreglu þá er til þjónustumerki sem vísar á næstu lögreglustöð. Hvenig lítur það út?

★ Í lögreglustjórnnunni, sem allir lögreglumenn bera, er málsháttur. Hvaða málsháttur er það? Hvað þýðir hann?

★ Lögreglubílar og sjúkrabílar eru vel merktir en af hverju snúa bókstafirnir framan á þeim öfugt?

## Verkefni 16

Finndu símanúmer lögreglunnar í þínu byggðarlagi og skráðu það á Símanúmerablaðið þitt.

## Verkefni 17

Hér eru tvær merkjasendingar sem lögreglan notar. Skoðaðu hvað þessar handahreyfingar þýða. Teiknaðu þær upp og skráðu í Merkjabókina þína.





★ *Hvað þýðir „sSu7Nz2þo?Sbv“ og „?M9SsS5wz6-ja??6swv“?*

★ *Af hverju sýnist þú stundum minni, stærri, mjórri eða feitari í sumum speglum en þú ert í raun?*

★ *Úr hverju er sólin?*

★ *Hvað er sólstingur?*

★ *Hvað getur gerst ef ökumaður bifreiðar eða flugmaður loftfars blindast?*

Ég kynntist einnig fleiri aðferðum við að gefa merki. Kunningi minn í Slysavarnafélaginu Landsbjörg kenndi mér merkjasendingar með jarðmerkjum, spegli og neyðarblysi. Þær eru notaðar til að ná athygli leitarflokka ef maður lendir í vandræðum í óbyggðum plánetunnar.

Jarðmerkingar byggjast á því að nota steina og spýtur til að mynda stór tákn á jörðinni sem sjást vel þegar leitað er úr lofti. Þessa aðferð þekkti ég vel því á Varslys er mikið af loftförum, geimskipum og svifnökkvum og svona jarðmerkingar því daglegt brauð.

Ég var vanur því sem geimkríli að móðir mín skrifaði „sSu7Nz2þo?-Sbv“ á jörðina með stórum steinum þegar ég var úti að leika mér á svifkettinum og „?M9SsS5wz6ja-??6swv“ mitt var tilbúið. Líkt og hæstvirt Stjórnuráð veit þá eru mörg jarðmerki í gangi á plánetu okkar enda bjó ég til leik þegar ég var yngri til að muna þau.

Spegill er uppfinning jarðarbúa og sérhannaður til að endurkasta ljósi eins og frá sólinni. En sólin er skær stjarna nálægt Jörðinni og heldur á henni hita líkt og Skærbreiða gerir í okkar sólkerfi. Hún getur orðið mjög heit og menn-



irnir þurfa því að passa sig á því að fá ekki **sólsting**.

Þegar spegill er notaður sem ljósmerkjasendir er honum fyrst beint að sólinni og endurvarpsgeislanum svo að jörðinni. Geislinn er færður eftir jörðinni þangað sem björgunarsveitin er. Þetta er gert til að ná athygli leitarmanna og leiðbeina þeim til þeirra sem eru í vandræðum.

Endurvarp sólarljóss með spegli sést langt að og vel úr lofti. Margt þarf að varast við speglasendingar því veikir sólargeislar geta myndað mjög sterkt endurvarp og blindað ökumann og flugmann flugfars. Þessa aðferð á því eingöngu að nota í mikilli neyð.



### Verkefni 18

Teiknaðu jarðmerkin sem geimálfurinn notar á glærunni *Merkjaminsleikurinn* í *Merkjabókina*. Síðan geta nemendur í bekknum æft sig að muna merkin með því fara í leikinn.



*Sólstingur er hitaslag sem hægt er að fá í mikilli sól og hita. Þetta er neyðarástand sem getur leitt til dauða. Koma verður sjúklingi á svalan stað og klæða hann úr öllu nema nærfötum. Ef viðkomandi er meðvitundarlaus þarf að leggja hann í læsta hliðarlegu og hringja strax í 112. Kæla verður viðkomandi og koma í veg fyrir meiri skaða. Hægt er að hella yfir hann köldu vatni eða leggja klakapoka við stærstu æðarnar í nára og hálsi. Ef viðkomandi er með meðvitund er gott að gefa honum eitthvað kalt að drekka.*

Það er með ólíkindum hvað mennirnir eru duglegir að búa til alls kyns neyðarblys og flugelda. Ég get ekki lýst hræðslu minni þegar ég kynntist þessum kröftugu eldspúandi verkfærum fyrst en það verður efni í annarri skýrslu.

Neyðarblys nota mennirnir, eins og nafnið gefur til kynna, eingöngu í neyð. Þetta er í raun stórhættulegt tæki, blysin eru kröftug og geta valdið miklum skaða með rangri notkun. Því er það

svo að mennirnir hafa sett ákveðnar reglur varðandi þessi blys. Þær eru að aldrei megi kveikja á þeim nema í mikilli neyð og aldrei nema líklegt sé að einhver sjái það.

Ef einhver lendir í þeirri aðstöðu að þurfa að skjóta upp neyðarblysi er best að fara á hæsta staðinn sem völ er á áður en kveikt er. Þá eru meiri líkur á því að einhver sjái blysið.



★ Hvers vegna þarf að leggja einstakling í læsta hliðarlegu?

★ Hvernig á að leggja í læsta hliðarlegu?



★ Aðeins er heimilt að skjóta upp neyðarblysum til skemmtunar á gamlárs- og þrettándakvöldum fram til kl. 01:00 eftir miðnætti.

★ Hvað gerist ef neyðarblysum er skotið upp á öðrum tímum?

★ Af hverju ætli reglur um meðferð neyðarblysa séu settar?



★ Mors er alþjóðlegt stafróf sem þýðir að ef þú lendir í vandræðum í útlöndum þá skilja allir að um neyðarkall er að ræða. Hefur þú prófað Morsstafrófið?

★ Hvernig myndir þú bregðast við ef þú fengir neyðarkall frá einhverjum í vandræðum?

★ Hvaða fleiri tegundir af samskiptakerfum eru til?

★ Hvernig samskiptakerfi nota blindir og heyrnarlausir?

★ Hvaða kerfi notuðu indíánar í gamla daga?

★ Hver er munurinn á fingratáknmáli og Tákn með tali?

| MORSSTAFRÓFIÐ |         |   |         |
|---------------|---------|---|---------|
| A             | ● —     | K | — ● —   |
| B             | — ● ● ● | L | — ● ● ● |
| C             | — ● — ● | M | — —     |
| D             | — ● ●   | N | — ●     |
| E             | ●       | O | — — —   |
| F             | ● ● — ● | P | — ● — ● |
| G             | — — ●   | Q | — — — ● |
| H             | — ● ● ● | R | — — ●   |
| I             | ● ●     | S | — ● ●   |
| J             | ● — — — | T | —       |
|               |         | U | — ● ●   |
|               |         | V | — ● ● — |
|               |         | W | — — —   |
|               |         | X | — ● ● — |
|               |         | Y | — — — ● |
|               |         | Z | — — — ● |
|               |         | Æ | — ● — ● |
|               |         | Ö | — — — ● |
|               |         | Å | — — — ● |
|               |         | 1 | — — — — |
|               |         | 2 | — ● — — |
|               |         | 3 | — ● — — |
|               |         | 4 | — ● — — |
|               |         | 5 | — ● — — |
|               |         | 6 | — ● — — |
|               |         | 7 | — ● — — |
|               |         | 8 | — ● — — |
|               |         | 9 | — ● — — |
|               |         | 0 | — — — — |

Þegar ég sá Morsstafrófið varð ég orðlaus en það er eitt af samskiptakerfum mannanna og byggist á því að senda skilaboð með löngum og stuttum merkjum.

Fyrsta setningin sem ég lærði var neyðarkallið SOS. Það samanstendur af þremur stuttum merkjum, þremur löngum og svo loks þremur stuttum. Gott er að muna þetta merki á neyðarstundu þar sem hvorki er hægt að kalla né tala.

Ég kynntist mörgum samskiptakerfum á Jörðinni og má meðal annars nefna *Tákn með tali*. Það felst í handahreyfingum sem einstaklingar með talörðugleika

styðjast við. Mér fannst mjög gott að nota þetta tjáningarform í samskiptum mínum við mennina því auðvitað voru mörg orð sem ég átti í erfiðleikum með að segja.

En nú er annarri skýrslu um plánetuna Jörð um það bil að ljúka þó að ævintýrin mín séu rétt að byrja. Í næstu skýrslu mun ég greina ykkur frá rafmagnaðri reynslu þar sem ég stofnaði lífi mínu oftast en einu sinni í hættu vegna fiks í umgengni við rafmagnstæki og eld. Það má segja að geimdísirnar hafi vakað yfir velferð minni á þeim forvitnitímum en allt um það seinna.

Virðingarfyllst  
„j5wþo?92Nwzz“



### Verkefni 19

Þú ert í geimskipi sem er að hrapa og sendir út neyðarkall á Morsstafrófinu. Tíminn er naumur svo þú verður að biðja um aðstoð í mjög fáum orðum.

### Verkefni 20

Skráðu niður öll feitletruðu orðin í lesefninu og finndu hvað þau þýða. Þú getur bæði stuðst við alfræðiorðabók eða notað leitarvél á veraldarvefnum.



## Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar stuðninginn

OPIN KERFI

NÓATÚN



SLYSAVARNADEILDIN  
ÞÓRKATLA GRINDAVÍK



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



BRUNABÓT



NORDUR

NÓI SÍRÍUS



58 12345



ÍSLANDSBANKI

SORPA



uxi



TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN

UMFERÐARSTOFA



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG**

Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 570 5900 • Fax 570 5901  
skrifstofa@landsbjorg.is • [www.landsbjorg.is](http://www.landsbjorg.is)